

Fundargerð

Samráðsfundur Umhverfisstofnunar og Samgöngustofu vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda

Fundurinn var haldinn á Teams, 11. apríl 2024 kl. 11:00-11:45

Þátttakendur á fundinum voru: Garðar Árnason, Halldór Ó. Zoëga, Páll S. Pálsson og Sigrún H. Kristjónsdóttir f.h. Samgöngustofu og Edda Kristín Eiríksdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

Tilgangur með fundi

- Að fara yfir það hvernig almennar reglur og tilmæli varðandi flug virka þegar þylur er flogið frá skemmtiferðaskipum sem kasta akkerum á Dynjandisvogi og fá fram afstöðu Samgöngustofu til þess hvernig ávarpa beri flugumferð í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda, m.a. út frá áhrifum flugsins á aðra gesti og lífríki. Almennar reglur sem vísað er til eru eftirfarandi:
 - Aðgát skal höfð í nánd við varplönd fugla sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.
 - Tilmæli um að eigi sé flogið neðar en 1000 fet yfir fjölförnum ferðamannastöðum í flugmálahandbók Íslands, kafla 5.6.1.
- Að fræðast um [starfsleyfi Samgöngustofu til siglinga með farþega](#) skemmtiferðaskipa á RIB-bátum, Zodiac bátum eða öðrum bátum og fá upplýsingar um það hvort leyfin séu að einhverju leyti skilyrt almennum umgengnisreglum út frá náttúruferðum og aðstæðum á hverju svæði eða hvort þeim fylgi tilmæli um almenna aðgát gagnvart lífríki.

Fundargerð

- Fulltrúar Umhverfisstofnunar skýrðu frá því að á liðnum árum hafi stofnuninni borist nokkrar tilkynningar um ónæði af völdum þyluflugs á gesti og fuglalíf á svæðinu. Í einhverjum tilfellum fari þylur á skemmtiferðaskipum sem liggja við akkeri í Dynjandisvogi með farþega í útsýnisflug yfir svæðið og taki því á loft og lendi í talsverðri nálægð við hið friðlýsta svæði. Uppi séu vangaveltur um hvort, og þá með hvaða hætti, ávarpa eigi flugumferð í stjórnunar- og verndaráætlun og hvort ástæða sé til eða forsendur fyrir því að setja reglur er lúta að flughæð o.fl. þessu tengt.*

Fulltrúar Samgöngustofu skýrðu frá þeim almennu reglum sem í gildi eru um flughæð. Reglum skv. skal ekki flogið í minni hæð en 500 fetum (150 m) yfir dreifbýli en auk þess séu tilmæli um 1000 feta lágmarksflughæð yfir fjölförnum ferðamannastöðum í flugmálahandbók Íslands. Staðlar um hávaða væru til en þær þylur sem um ræðir séu vottaðar og standist þær kröfur sem gerðar eru. Að mati Samgöngustofu þurfa allar takmarkanir umfram almennar reglur að vera vel ígrundaðar og hafa stoð í gildandi regluverki. Mögulega gæti komið til greina að setja reglu um 1000 feta lágmarksflughæð í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda á grundvelli tilmæla í flugmálahandbók.

- Í umræðu um starfsleyfi Samgöngustofu til siglinga með farþega skemmtiferðaskipa kom fram að leyfisskyldan eigi við um öll farartæki skemmtiferðaskipa en skipsbátar sem einvörðungu eru notaðir til að ferja fólk beint í land og til baka séu undanþegnir reglunum. Ef farið sé í*

skoðunarferðir sé um að ræða starfsleyfisskylda starfsemi og leyfi Samgöngustofu þurfi þá til. Samgöngustofa minnti á að varðandi slíkar leyfisveitingar snúi verkefni stofnunarinnar fyrst og fremst að öryggismálum en til greina geti komið að setja fram einfaldan texta með almennum tilmælum um umgengni og aðgát gagnvart lífríki og náttúru í leyfin.

Næstu skref.

- (1) Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu senda Páli og Garðari, fulltrúum Samgöngustofu tillögu að reglu um 1000 feta lágmarksflughæð við Dynjanda sem tekin verður til umfjöllunar hjá stofnuninni.
- (2) Fulltrúi Samgöngustofu, Halldór, mun senda Umhverfisstofnun dæmi um það hvernig ofangreind starfsleyfi til siglinga líta út í dag.
- (2) Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu, að umræðu innanhúss lokinni senda Halldóri og Sigrúnu, fulltrúum Samgöngustofu, tillögu að stuttum texta með almennum tilmælum um umgengni og aðgát gagnvart lífríki og náttúru sem til greina gæti komið að bæta í leyfi Samgöngustofu.

